



Umhverfisstofnun,
Suðurlandsbraut 24,
108 REYKJAVÍK.

Sent með tölvupósti.

Reykjavík, 12. desember 2019.

Efni: Tillaga að starfsleyfi Háafells ehf.

Þann 12. nóvember 2019 birti Matvælastofnun tillögu sína að rekstrarleyfi fyrir Háafell ehf. til sjókvíaeldis á 7.000 tonnum regnbogasilungi og þorski í Ísafjarðardjúpi. Segir í auglýsingu að um sé að ræða stækkun á eldra leyfi. Í athugasemdum þessum verður fjallað um þann hluta tillögunnar sem snýr að 6.800 tonna eldi á regnbogasilungi.

Landssamband veiðifélaga mótmælir fyrirhugaðri útgáfu starfsleyfis til sjókvíaeldis á 6.800 tonnum af regnbogasilungi í Ísafjarðardjúpi, til handa Háafelli ehf., og þá sérstaklega á þeim staðsetningum kvíastæða sem auglýst eru í fyrirliggjandi tillögu Umhverfisstofnunar. Regnbogasilungur er aðskotadýr í íslenskri náttúru og á ekki náttúruleg heimkynni á Íslandi. Hrognin eru framleidd erlendis og flutt til landsins með tilheyrandi áhættu vegna fiskisjúkdóma. Í Ísafjarðardjúpi falla verðmætar laxveiðar sem fyrirsjáanlega verða fyrir tjóni vegna strokufiska úr sjókvíum. Erlendar rannsóknir sýna að regnbogasilungur er ágengur fiskur sem sækir í ferskvatni sleppi hann úr eldinu og takmörkuð þekking er á áhrifum hans á vistkerfi í ferskvatni hérlendis. Að því leyti má bera hann saman við minkinn sem fluttur var til landsins með afleiðingum sem öllum eru kunnar.

Verða hér raktar helstu málsástæður sem mæla gegn útgáfu starfsleyfisins og sumar hverjar girða fyrir að leyfisveitingin geti farið fram þar sem svo stórfellt þauleldi á framandi lífveru á svæðinu samræmist vart gildandi lögum og reglugerð.

1. Um umsókn Háafells ehf.

Landssambandið telur að það hafi enga sérstaka þýðingu að veita sjókvíaeldisfyrirtækinu Háafelli ehf. auknar eldisheimildir til að ala regnbogasilung í sjókvíum. Fyrir liggur að fyrirtækið fullnýtir ekki fyrirliggjandi starfsleyfi til framleiðslu nú og því fráleitt að auka þurfi eldisheimildir fyrirtækisins á regnbogasilungi og þorski í Ísafjarðardjúpi um 5.000 tonn. Reyndar kemur fram í nýlegri áramótakveðju framkvæmdastjóra Hraðfrystihússins Gunnvarar, móðurfélags Háafells ehf., að fyrirtækið hafi gefist upp á sjókvíaeldi á regnbogasilungi og hafi því engan fisk í kvíum.¹ Þá bendir Landssambandið á að innflutningur á hrognum regnbogasilungs hefur dregist mjög saman undanfarin ár og nam aðeins 30 lítrum á síðasta ári. Ástæður þessa munu vera að sjókvíaeldi á regnbogasilungi svarar ekki kostnaði og er því nánast aflagt á Íslandi. Þannig hafa bæði Dýrfiskur og Fiskeldi Austfjarða, sem áður framleiddu regnbogasilung í sjókvíum, hætt þeirri framleiðslu og snúið sér að laxeldi. Við blasir að fyrirtækið Háafell hefur leynt og ljóst stefnt að eldi á frjóum norskum laxi í Djúpinu og því virðist sú umsókn sem hér er til meðferðar er sett fram í þeim tilgangi einumi að helga sér þau eldissvæði sem hann sækir

¹ http://frosti.is/um_okkur/tidindi/Aramotakvedja_framkvaemdastjora/

nú um aukið regnbogaeldi á. Þetta sést best á áformum fyrirtækisins sem kynnt voru í frummatsskýrslu² í nóvember 2016. Þar ræðir fyrirtækið um áform sín um sjókvíældi á laxi í Ísafjarðardjúpi og fjallar á bls. 14 um regnbogaeldið með eftirfarandi hætti:

Ástæða fyrir því að eldislax er valinn fram yfir regnbogasilung er að hann hentar betur fyrir þær umhverfisaðstæður sem eru að finna í Ísafjarðardjúpi og jafnframt eru markaðir metnir stöðugri og betri og því fyrirsjáanleiki laxeldis talinn meiri en regnbogasilungseldis.

Hér lýsir umsækjandinn því yfir að umhverfisaðstæður í Ísafjarðardjúpi henti ekki til eldis á regnbogasilungi og markaðir óstöðugir og ekki góðir. Af þessum sökum leggur Landssambandið áherslu á að umsækjandinn Háafell ehf. sýni fram á að hann hyggi raunverulega á regnbogaeldi í Ísafjarðardjúpi með því að fullnýta þau leyfi sem hann ræður nú þegar yfir áður en aukning á eldisheimildum honum til handa kemur til álita. Þótt við blasi að tilgangur fyrirtækisins er annar með öflun aukinna eldisheimilda á regnbogasilungi, en látið er í veðri vaka með umsókn sinni, mun Landssambandið hér tefla fram mótmælum sínum og málsástæðum varðandi fyrirliggjandi umsókn

Eldi á regnbogasilungi er nú aðeins brot af því sem var árin 2016-17 eins og sést á meðfylgjandi töflu:

Heildarframleiðsla í eldi lagardýra, árin 2007 - 2018 (tonn af óslægðum fiski)

	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018
Lax:	1.158	292	714	1.068	1.083	2.923	3.018	3.965	3.260	8.420	11.265	13.448
Bleikja:	2.851	3.124	2.405	2.427	3.021	3.089	3.215	3.471	3.937	4.084	4.454	4.914
Regnbogi:	11	6	75	88	226	422	113	603	728	2.138	4.628	295
Hekluborri:	0	0	0	0	2,5	0,3	0,8	0,5	0,6	0	0	0
Dorskur:	1.467	1.502	1.805	1.317	877	893	482	310	74	59	29	29
Senegalfúra:	0	0	0	0	0	0	0	0	290	360	400	391
Lúða:	31	39	49	72	33	13	0,2	0	0	0	0	0
Sandhverfa:	70	51	68	46	20	28	58	0	0	0	0	0
Ýsa:	23	4,5	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Sæcyra:	0,5	0	0	0	0	0	0	0	0,01	0,01	0,6	0
Samtals:	5.611	5.019	5.116	5.018	5.263	7.368	6.887	8.350	8.290	15.061	20.776	19.077

Af framangreindu sést að framleiðsla á regnbogasilungi hefur hrunið frá árinu 2017 úr 4.628 tonnum niður í 295 tonn árið 2018.

Í ársskýrslu dýralæknis fisksjúkdóma er línurit sem sýnir þessa þróun, sbr. fylgiskjal 1.

Eftirfarandi er ennfremur úr ársskýrslu dýralæknis fisksjúkdóma 2018:

Regnbogasilungur (Onchorhynchus mykiss) hefur verið fluttur inn á formi sóttþreinsaðra hrognna frá Danmörku nokkuð reglulega frá haustinu 2007. Árið 2018 voru fluttir inn samtals 30 lítrar (300.000 stk.) af regnbogasilungshrognum á vegum eins aðila til klaks og áframeldis. Síðustu fjögur árin hefur verulega dregið úr innflutningi á regnbogahrognum, en helstu fyrirtæki tóku ákvörðun um að færa sig alfarið yfir í laxeldi sem skýrir þessa þróun. Eldi regnbogasilungs hefur því tekið enn eina dýfuna í íslensku fiskeldi. Tegundin hefur verið sveiflukennnd á liðnum þremur áratugum, en aldrei eins og nú.

Þar kemur einnig fram að innflutningur á hrognum regnbogasilungs árið 2018 var aðeins 30 lítrar og stendur því aðeins undir minni háttar framleiðslu sem er að hluta stunduð með landeldi.

² https://www.skipulag.is/media/attachments/Umlhverfismat/1179/1_Frummatsskyrsla_Haafells.pdf

Umhverfisstofnun ætti því vera ljóst að umsækjandi hefur engin áform um að setja regnbogasilung í sjókvíar í Ísafjarðardjúpi. Enginn fjárhagslegur grundvöllur er fyrir þeirri starfsemi. Hér eru forsvarsmenn fyrirtækisins því einvörðungu að helga sér eldissvæði með það í huga að gildandi áhættumat erfdablöndunar hafi verið veikt svo við síðustu breytingar á fiskeldislögunum að heimilað verði eldi á frjóum laxi í Ísafjarðardjúpi. Landssambandið telur að Umhverfisstofnun þurfi að gæta að þessum þætti málsins áður en tekin er ákvörðun um útgáfu starfsleyfis til handa Háafelli ehf.

Árið 2016 gerði NASF kort, sbr. fylgiskjal 2, sem sýnir tilkynningar um regnbogasilung í ám sem Fiskistofu og Veidimálastofnun höfðu borist. Þótt um tvítekningu kunni að vera að ræða í einhverjum tilvikum er ljóst að regnbogasilungur sem strýkur úr sjókvíum hefur mikla dreifingu og langt frá eldisstað. Á þeim tíma sem þessar tilkynningar bárust var þó aðeins slátrað 728 tonnum árið 2015 og 2.138 tonnum árið 2016 sbr. töflu hér að framan. Verður að hafa það í huga þegar tekin er ákvörðun um hvort gefa skuli út starfsleyfi fyrir allt að 6.800 tonna árlegri framleiðslu. Af framangreindu verðu því að gera ráð fyrir að strokufiskur úr 6.800 tonna regnbogasilungsemi á Vestfjörðum komi fram í miklum mæli í ám á Vestur- og Norðurlandi.

2. Álit Skipulagsstofnunar

Landssambandið vekur athygli Umhverfisstofnunar á að álit Skipulagsstofnunar sem auglýst er með tillögu að starfsleyfi til handa Háafelli ehf. er frá 1. apríl 2015 og er álit á framkvæmd sem framkvæmdaraðilinn Hraðfrystihús Gunnvarar (HG) tilkynnti. Fyrirtækið Háafell ehf. er annar lögaðili sem ekki hefur með formlegum hætti tilkynnt framkvæmd eða lagt fram frummatsskýrslu eða fengið lögboðna umfjöllun um framkvæmd sína. Landssambandið gerir athugasemdir við að leyfisveitandi skuli styðja útgáfu starfsleyfis til Háafells ehf. gögnum Skipulagsstofnunar sem tilheyra sannanlega öðrum lögaðila sem er í allt annarri og sterkari stöðu en umsækjandinn.

Í álit Skipulagsstofnunar kemur fram að neikvæð áhrif fyrirhugaðs fiskeldis HG í innanverðu Ísafjarðardjúpi sé sjúkdómahætta og að laxalús berist frá eldinu í villta laxfiskastofna á svæðinu. Þar kemur einnig fram að HG hefur stundað þorskeldi í Álftafirði og Seyðisfirði um tíma, en þó í litlu magni miðað við gildandi starfsleyfi. Engu að síður hafa orðið miklar breytingar á botndýralífi undir sjókvíum í fjörðunum, þrátt fyrir að fóðrun eldisfisks hafi verið lítil frá því að eldi hófst þar árið 2001. Því er ljóst að svæðið er viðkvæmt fyrir mengun af völdum eldisins og mikilvæg uppeldissvæði nytjastofna munu spillast verði stórféllt eldi heimilað.

3. Laxalús og sjúkdómahætta

Í fyrirliggjandi matsskýrslu í umhverfismati kemur fram í kafla 5.7.1 að takmarkaðar upplýsingar eru um laxalús á villtum laxfiskum á Íslandi. Enn fremur er þess getið að nemi í haf- og strandsvæðastjórnun við Háskólasetur Vestfjarða vinni að mastersverkefni og hafi norskan sérfræðing til ráðgjafar.

Ekki eru heimildir um annað en heilbrigði fiska sé mjög gott í Ísafjarðardjúpi. Í álit Skipulagsstofnunar kemur fram að umhverfisáhrif vegna laxalúsa á villta stofna laxfiska verði neikvæð. Um er að ræða lax, sjóbirting, urriða og bleikju. Í álit Skipulagsstofnunar er gengið út frá því að laxalús muni stigmagnast í eldi umsækjanda. Slíkt mun kalla á notkun lúsaeiturs með böðunum og tilheyrandi neikvæðum umhverfisáhrifum á lífríkið í Ísafjarðardjúpi. Landssambandið minnir á í þessu sambandi að í Djúpið falla laxveiðiár með eigin laxastofna sem í eru fólgin mikil verðmæti. Er þar bæði um náttúruverðmæti og fjárhagsleg verðmæti að ræða. Þar eru einnig mikilvægustu uppeldisstöðvar nytjastofna við landið. Landssambandið leggur áherslu á að við þennan þátt málsins verði að gæta ákvæða 9. gr. laga nr. 60/2013 um að ekki megi beita skorti á vísindalegri þekkingu sem rökum við ákvörðun sem tekin er á grundvelli laganna. Landssambandið telur að staðbundin mengun af völdum lúsafaraldurs sé heilbrigðismál sem heyrir undir Umhverfisstofnun og um slíkt beri að fjalla í tillögu að starfsleyfi.

Við blasir að stórfellt þaueldi á regnbogasilungi mun skapa sjúkdómahættu á svæðinu. Mikill eldismassi kallar á sjúkdóma sem ekki hafa greinst á þessu svæði áður. Hér er verið að taka óforsvaranlega áhættu vegna nálægðar kvíastæða við villta laxastofna í nærliggjandi ám. Þessi áhætta er sérstaklega mikil þar sem smitleiðir eru bæði af völdum strokufiska úr eldi og jafnframt vegna villtra laxfiska sem eiga för um svæðið.

4. Viðtæk orðsporsáhætta

Landssamband mótmælir útgáfu starfsleyfis til sjókvíaeldis á 6.800 af regnbogasilungi á grundvelli þess tjóns sem strokufiskar úr eldinu munu valda í veiðiám landsins. Á það sérstaklega við um ár við Ísafjarðardjúp en einnig sýnir reynslan að regnbogasilungur hefur mikla dreifingu langt frá eldisstað. Með fyrirliggjandi tillögu að starfsleyfi er áformað að leyfa mun stærri eldismassa regnbogasilungs í sjókvíum en áður hefur þekkt. Þetta mun leiða til þess að regnbogasilungur mun koma fram í veiði víðar og oftast en gerðist þegar heildar framleiðslan úr sjó var aðeins rúmlega helmingur af áformum Háafells ehf. þegar mest var. Í lögum um fiskeldi, nr. 71/2008, er kveðið á um verndun villtra stofna og einnig skal tryggja hagsmunir þeirra sem nýta slíka stofna. Í greinargerð með lögunum er þetta ákvæði síðan skýrt með eftirfarandi hætti:

Á hinn bóginn er það skýrt og endurspeglast að sínu leyti í markmiðsyfirlýsingu 2. mgr. og fleiri greinum frumvarpsins að vöxtur og viðgangur atvinnugreinarinnar má ekki gerast á kostnað viðgangs og nýtingar villtra fiskstofna. Í þessari takmörkun felst í raun að þegar ekki fara saman annars vegar hagsmunir þeirra sem veiðirétt eiga samkvæmt lax- og silungsveiðilögum og hins vegar hagsmunir þeirra sem fjallað er sérstaklega um í frumvarpi þessu vikja hinir síðarnefndu.

Ímynd íslenskra veiðivatna á veiðileyfamarkaði er góð og sterk. Um er að ræða hágæða veiði í óspilltri náttúru. Hingað sækja erlendir veiðimenn og borga háar fjárhæðir fyrir veiðileyfi vegna væntinga um að sá fiskur sem árnar geyma sé heimastofn árinna og ekki blandaður eldisfiski af óskyldum uppruna. Regnbogasilungur í laxveiðiám mun rýra mjög orðspor laxveiði á Íslandi og ekki síst á erlendum mörkuðum. Erlendis er staðan sú að umhverfi veiðivatna og villtum ferskvatnsstofnum hefur víða verið spillt. Ísland er því í hugum erlendra veiðimanna síðasta óspillta vígi Atlantshafslaxins.

Við mat á þýðingu markmiðsákvæðis fiskeldislaganna verður að gæta sérstaklega að hagsmunum þeirra sem nýta villta stofna í veiðiám landsins. Fyrir liggur að hagsmunir fyrirtækisins Háafells ehf. af útgáfu starfsleyfisins eru engir þar sem ekki er fjárhagslegur grundvöllur fyrir þeirri starfsemi sem fyrirtækið segist ætla að stunda. Fyrir liggur einnig að umsækjandinn ræður nú þegar yfir eldisheimildum sem hann getur nýtt til sjókvíaeldis á regnbogasilung. Það gerir hann ekki og hefur samkvæmt eigin yfirlýsingu engan fisk í sjókvíum. Er sú staða afleiðing þess að ekki er lengur fjárhagslegur grundvöllur fyrir eldinu og einnig hefur umsækjandinn upplýst að Ísafjarðardjúp hentar ekki til eldis regnbogasilungs. Af þessum sökum hætti umsækjandinn sjókvíaeldi sem hann hafði stundað í Ísafjarðardjúpi þótt hann réði yfir tilskildum leyfum til að stunda starfsemina. Þessi ákvörðun var því rekstrarlegs eðlis og eðlileg. Það sem er ekki eðlilegt er umsókn Háafells ehf. um stærri eldisheimildir til að stunda starfsemi sem fyrirtækið hefur aflagt af fjárhagslegum ástæðum.

Hagfræðistofnun Háskóla Íslands hefur í skýrslu, útgefinni í október 2018, lagt mat á verðmæti veiðihlunninda á Íslandi og metur virði þeirra samtals á 170 milljarða. Þá eru beinar/hreinar tekjur þeirra sem hagsmuni hafa af nýtingu villtra stofna 4,7 milljarðar króna ár hvert, sbr. meðfylgjandi töflu í skýrslu Hagfræðistofnunar HÍ.

Efnahagsleg áhrif árið 2018 (milljarðar kr.)			
	Tekjur	Hlutfall innfluttra vara og þjónustu	Innlend framleiðsla sem rekja má beint til stangveiði (milljarðar kr.)
Tekjur veiðifélaga	2,8	5%	2,7
Tekjur leigutaka (að frádregnum greiðslum til veiðifélaga)	2,1	5%	2,0
<i>Tekjur annarra:</i>			
af innlendum veiðimönnum	2,9	30%	2,0
af erlendum veiðimönnum	2,2	40%	1,3
Fjárfestingar	1,0	30%	0,7
Bein efnahagsleg áhrif	11,0		8,7
Verðmæti (milljarðar kr.)			
Núvirtur rekstrarhagnaður	72,5		
Núvirtur ábati innlendra veiðimanna	98,0		
Samtals verðmæti lax- og silungsveiða fyrir Íslendinga	170,5		

Landssamband veiðifélaga gerir kröfu til þess að leyfisveitandi sinni þeirri lögboðnu skyldu sinni að fjalla með rökstuddun hætti um þá hagsmuni sem um að tefla í máli þessu. Fyrirmæli markmiðsákvæðis fiskeldisslaga, eins og þau eru skýrð í greinargerð með lögnum, leggja þá skyldu á Umhverfisstofnun ekki síður en Matvælastofnun að hafa skýr fyrirmæli laganna til hliðsjónar við ákvörðun um hvort veita skuli Háafelli ehf. starfsleyfi til eldis á regnbogasilungi í Ísafjarðardjúpi. Við þá ákvörðun skiptir máli hvort umsækjandinn hefur raunverulega og sannanlega hagsmuni af útgáfu þess starfsleyfis sem tillaga er um. Svo er ekki. Hagsmunir þeirra sem nýta villta stofna hafa verið rannsakaðir og metnir af opinberum viðurkenndum aðila og eru birtir í skýrslu Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands. Þeir hagsmunir eru ótvíræðir.

5. Um staðsetningu kvíastæða

Samkvæmt fyrirliggjandi tillögu að starfsleyfi eru kvíastæði staðsett á svæði sem er innan 15 km friðunarsvæðis frá ósum laxveiðiáa sem falla í Ísafjarðardjúp. Er þar um að ræða Langadalsá og Hvannadalsá sem eiga sameiginlegan ós í sjó. Í júní 2017 ógilti Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála útgáfu starfsleyfis á þessum sömu svæðum. Í úrskurði sínum fjallaði úrskurðarnefndin ítarlega um hvernig skýra skuli ákvæði reglugerðar 105/2000 og þann grundvöll laga nr. 61/2006 sem reglugerðin hvílir á. Segir nefndin orðrétt í úrskurði sínum að:

[...] veiðitala er skilgreind sem tala veiddra fiska skv. 58 tl. 3. gr. laga nr. 61/2006 um lax og silungsveiði. Skilgreining á því að veiddum fiski sé sleppt eða áhrif þess á veiðitölur koma ekki fram í þeim lögum en eðli málsins samkvæmt telst sá fiskur veiddur sem sleppt er.

Í úrskurðinum er staðhæfingum Umhverfisstofnunar um annað alfarið hafnað. Ennfremur kemur skýrt fram í úrskurði úrskurðarnefndarinnar að við túlkun reglugerðarinnar „[...] þurfi að gæta að markmiðum laga nr. 71/2008 um fiskeldi að vernda beri villta nytjastofna og í því sambandi skuli gæta fjarlægðar eldisstöðva frá veiðiám.“ Með úrskurðinum var útgefið starfsleyfi fellt úr gildi. Það kemur nú að óvart að Umhverfisstofnun birtir viðauka með tillögu að starfsleyfi sem ber yfirskriftina *Viðauki - Fjarlægðarmörk og fjöldi laxa*. Í skjali þessu virðist Umhverfisstofnun hafna niðurstöðu Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála og leitast við að halda öðru fram en niðurstaða nefndarinnar kveður á um. Það hlýtur að vera einsdæmi að opinber stofnun skuli ekki telja sér skylt að hlýta úrskurði nefndar sem hefur það hlutverk að úrskurða um stjórnsýslu viðkomandi stofnunar lögum samkvæmt. Landssambandið telur augljóst að það er aðeins á færi dómstóla að komast að annarri

niðurstöðu en Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála hefur úrskurðað um. Þeir málsaðilar sem lutu í lægra haldi hefðu getað borið þau sjónarmið sem fram koma í viðaukanum undir dómstóla vildu þau hnekkja niðurstöðu úrskurðarnefndarinnar. Það gerðu þau ekki og því er umfjöllun og túlkun stofnunarinnar í nefndum viðauka þýðingarlaus, með eindæmum og að engu hafandi.

Hér skiptir máli sú niðurstaða úrskurðarnefndarinnar að við túlkun reglugerðar skuli gæta að markmiðsákvæðum fiskeldislaganna. Að þeim gættum var starfsleyfi á svæðinu ógilt og því fráleitt að nú megi gefa út hin sömu eldisleyfi aftur og á hinu sama svæði á grundvelli fullyrðinga sem fram koma í viðauka sem stofnunin hefur unnið og er í fullkomnu ósamræmi við úrskurð þar til bærrar nefndar sem hefur það hlutverk lögum samkvæmt að úrskurða í kærumálum vegna stjórnvaldsákvæðana. Það ásamt meginreglum II. kafla laga nr. 60/2013 um náttúruvernd gerir það að verkum að óheimilt er að leyfa staðsetningu sjókvía á friðunarsvæðinu. Er einnig vísað til þeirrar meginreglu í náttúruvernd að náttúran skuli að njóta vafans þegar taka skal ákvarðanir sem kunna að ganga gegn náttúruvernd.

6. Um viðbótargreinargerð vegna valkosta

Í kaflanum 2.1. um núllkost segir framkvæmdaraðilinn að:

Ef ekki verður af framkvæmdum mun það hafa mikil samfélagsleg áhrif við Ísafjarðardjúp þar sem miklar væntingar hafa byggst upp undanfarið ár vegna uppbyggingar fyrirhugaðs eldis. Ennfremur mun það valda Háafelli og móðurfélagi þess, Hraðfrystihúsinu – Gunnvöru hf. (HG) umtalsverðum skaða ef ekkert verður að áformum en fyrirtækin hafa fjárfest fyrir hundruð milljóna króna í búnaði, rannsóknnum og skýrslugerðum til þess að undirbyggja að eldið verði sem best úr garði gert og tryggja viðgang þess.

Landssamband veiðifélaga telur hér sé núllkostur rangt greindur. Fyrir liggur að umsækjandinn er tvisaga í skýrslum sínum til Skipulagsstofnunar. Í frummatsskýrslu fyrir 6.800 tonna framleiðslu á laxi í sjókvíum í Ísafjarðardjúpi frá 2016 er eftirfarandi yfirlýsing að finna um markmið framkvæmdarinnar í kafla 1.2. bls. 14.

Ástæða fyrir því að eldislax er valinn fram yfir regnbogasilung er að hann hentar betur fyrir þær umhverfisaðstæður sem eru að finna í Ísafjarðardjúpi og jafnframt eru markaðir metnir stöðugri og betri og því fyrirsjáanleiki laxeldis talinn meiri en regnbogasilungseldis.

Þessu til viðbótar er yfirlýsing framkvæmdastjórans í áramótaávarpi HG, móðurfélags Háafells ehf.:

Eftir 16 ára uppbygginarskeið í fiskeldi er svo komið að dótturfyrirtækið Háafell er ekki með neinn fisk í sjókvíum í Ísafjarðardjúpi. Þrátt fyrir að framleiða heilbrigð og hraust laxaseiði á Nauteyri höfum við þurft að láta þau frá okkur vegna stöðu leyfismála sem velkjast um í stjórnkerfinu. Því miður hefur það leitt til uppsagna á reynslumiklu og góðu starfsfólki sem mikil eftirsjá er að.

Af þessum orðum framkvæmdastjórans verður aðeins ráðið að fyrirtækið treysti sér ekki af rekstrarlegum ástæðum til að halda úti rekstri Háafells ehf. á sjókvíaeldi á regnbogasilungi. Enginn rekstrargrundvöllur var fyrir hendi og fyrirtækið því nauðbeygt til uppsagna á reynslumiklu og góðu starfsfólki sem því var mikil eftirsjá að, líkt og segir á ávarpinu. Ljóst má vera að fyrirtæki grípur ekki til uppsagna á góðu starfsfólki án þess að rík ástæða sé fyrir slíku.

Hér verður einnig sérstaklega að taka til athugunar að sú matsskýrsla sem birt er á heimasíðu Umhverfisstofnunar byggir á matsskýrslu HG sem sem lögð var fram í febrúar 2015. Frummatsskýrsla félagsins Háafells ehf. um 6.800 tonna laxeldi í Ísafjarðardjúpi er hins vegar dagsett nær tveimur árum seinna, eða í nóvember 2016, og þar er eðli málsins samkvæmt nýjustu upplýsingar að finna um stöðu eldismála í Ísafjarðardjúpi.


Því er ljóst að í valkostagreiningu framkvæmdaraðila á núllkosti er að megin efni byggt á gömlum og úreltum upplýsingum um samfélagsleg áhrif og þar með er greining valkosta meingölluð og ónothæf sem grundvöllur ákvörðunar um útgáfu starfsleyfis. Í umsögn Skipulagsstofnunar er vísað til þeirrar niðurstöðu Hæstaréttar í máli nr. 22/2009 að mat á framkvæmdakostum skuli reist á hlutlægum og málefnalegum grunni. Sú umfjöllun sem hér um ræðir uppfyllir hvorugt þessara skilyrða. Útilokun núllkosti er því á röngum forsendum. Landssambandið gerir kröfu til þess að Umhverfisstofnun fjalli með ítarlegum og rökstuddum hætti um þennan þátt eins og hann liggur hér fyrir í gögnum málsins enda ljóst að jafn umfangsmikil framkvæmd og hér er til meðferðar getur haft mjög neikvæð samfélagsleg áhrif á ekki stærra nærsamfélag en hér um ræðir, þar sem fyrirliggjandi gögn sýna að ekki er rekstrargrundvöllur fyrir hendi.

Í kafla 2.2. Staðsetning kvía gerir umsækjandi enga tilraun til að sýna fram á að honum sé heimilt að starfrækja sjókvíaeldi á þeim svæðum sem áformað er. Enga umfjöllun er þar að finna um úrskurð Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála í máli nr. 5/2017 eða þýðingu hans varðandi umsókn umsækjanda. Þá skýtur skökku við í þessu sambandi að leyfisveitandinn, Umhverfisstofnun, skuli taka að sér það hlutverk að færa rök fyrir umsókn Háafells ehf. á hinu sama svæði sem starfsleyfi var útgefið á, en síðan fellt úr gildi vegna alvarlegra annmarka á stjórnsýslu stofnunarinnar sjálfar. Landssambandið áskilur sér allann rétt til að vísa þessari undarlegu málsmeðferð Umhverfisstofnunar til þar til bærri eftirlitsaðila.

7. Um gildi umsóknar Háafells ehf.

Í máli þessu liggur fyrir að Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála hefur fellt úrskurð um starfsleyfi sem Háafell ehf. fékk útgefið á hinu sama svæði og nú er auglýst tillaga að starfsleyfi og rekstrarleyfi á. Starfsleyfið var fellt úr gildi og niðurstaða úrskurðarnefndarinnar og rökstuðningur er skýr og á því að vera stjórnvöldum til hlidsjónar við afgreiðslu umsókna Háafells ehf. um leyfi til sjókvíaeldis á tilgreindum svæðum í Ísafjarðardjúpi. Landssambandið gerir alvarlegar athugasemdir við þá stjórnsýslu Umhverfisstofnunar að taka nú upp deilur um niðurstöður úrskurðarnefndarinnar við nefndina í viðaukaskjali í stað þess að hlíta niðurstöðunni og hafna umsókn félagsins.


Landssambandið bendir á að hér er ekki um að ræða endurútgáfu rekstrarleyfis sem heimfæra má undir bráðabirgðaákvæði C. (11.) 24. gr. laga nr. 101/2019 um rekstrarleyfi sem veitt var samkvæmt eldri löggjöf og fellt úr gildi vegna annmarka á leyfisveitingu. Um er að ræða starfsleyfi sem fellt var úr gildi með úrskurði Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála vegna óheimilla staðsetninga eldiskvía. Ekki hefur verið bætt úr þeim annmarka og því ónýtist öll málsmeðferð stjórnsýslustofnana á tilkynningu á framkvæmd framkvæmdaraðila á 6.800 tonna eldi á regnbogasilungi í umhverfismati. Af þeim sökum verður ekki byggt á b. (II.) bráðabirgðaákvæði 24. gr. sömu laga við mat á gildi umsóknar eða útgáfu rekstrarleyfis. Nýtt umhverfismat þarf að fara fram og á þá öðrum svæðum sem skulu þá vera utan friðunarsvæðis við ámar í Djúpinu sem reglugerð um flutning og sleppingar laxfiska og varnir gegn físksjúkdómum og blöndun laxastofna, nr. 105/2000, kveður á um. Því er þýðingarlaust að gefa út starfsleyfi á svæði sem ekki uppfyllir skilyrði laganna um gildi umsóknar um rekstrarleyfi.



Elías Blöndal Guðjónsson
framkvæmdastjóri

Fylgiskjal 1.

Úr ársskýrslu dýralæknis Fisksjúkdóma.



Fylgiskjal 2.

Tilkynningar um regnbogasilung í ám til Fiskistofu og Veiðimálastofnunar.

